

Ed.

233. Frumvarp til laga

[106. mál]

um ferskfiskeftirlit.

(Lagt fyrir Alþingi á 80. löggjafarþingi, 1960.)

1. gr.

Stofnun skal komið á fót, er annist eftirlit með meðferð og gæðum nýs og ísaðs fisks, sem landað er til vinnslu, frá því að fiskurinn kemur í skip og þar til hann er tekinn til vinnslu.

Stofnun þessi nefnist Ferskfiskeftirlitið.

Eftirlit þetta tekur enn fremur til búnaðar og þrifa fiskiskipa, að því er varðar geymslu fisks í veiðiför, svo og útbúnaðar og þrifa fiskmóttökuhúsa í landi.

Á því sviði, sem að framan er lýst, fer Ferskfiskeftirlitið með þau störf, er fiskmatsstjóra eru falin í lögum nr. 46 5. apríl 1948, um fiskmat o. fl.

2. gr.

Ferskfiskeftirlitið skal framkvæma gæðaflokkun á fiski, sem ætlaður er til vinnslu, þegar tímabært þykir.

3. gr.

Yfirstjórn Ferskfiskeftirlitsins skal vera í höndum nefndar, er nefnist Fiskmatsráð.

Í ráðinu eiga sæti 6 menn, sem ráðherra skipar eftir tilnefningu eftirgreindra aðila:

1. Landssambands íslenzkra útvegsmanna.
2. Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, Samlags skreiðarframleiðenda, Sölusambands íslenzkra fiskframleiðenda og Sambands íslenzkra samvinnufélaga, sameiginlega.
3. Sjómannasambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Alþýðusambands Íslands, sameiginlega.
4. Framkvæmdastjórnar Landsbanka Íslands, viðskiptabankans, og Útvegsbanka Íslands, sameiginlega.

Fimmti maður ráðsins skal vera fiskmatsstjóri og hinn sjötti forstöðumaður Rannsóknastofu Fiskifélags Íslands, sem jafnframt er formaður ráðsins.

Takist ekki aðilum þeim, sem samkvæmt tölulíðum 2—4 hér að framan ber að tilnefna fulltrúa sameiginlega, að koma sér saman um val fulltrúa, þá skipar ráðherra hann án tilnefningar.

Ráðherra ákveður stjórnarlaun.

Varamenn skulu skipaðir á sama hátt, varamenn fiskmatsstjóra og forstöðumanns Rannsóknarstofu Fiskifélags Íslands án tilnefningar.

4. gr.

Verkefni Fiskmatsráðs, auk þess, sem um getur í 3. gr. laga þessara eru:

1. að endurskoða á næstu tveimur árum lög og reglugerðir um fiskmat.
2. að úrskurða um ágreining, er rísa kann vegna framkvæmdar fiskmats, meðan fyrrnefnd lagaendurskoðun stendur yfir.
3. að vinna að aukinni fræðslu um fiskverkun og meðferð afla og skipuleggja og framkvæma hvers kyns áróður til þess að auka skilning á og tilfinningu fyrir vöruvöndun.
4. að skipuleggja í samvinnu við Rannsóknastofu Fiskifélags Íslands og láta framkvæma tilraunir og rannsóknir, er miða að bættri meðferð sjávarafla.

5. gr.

Ráðuneytið getur sett nánari fyrirsmáli um allt, er varðar framkvæmd laga þessara.

6. gr.

Brot gegn lögum þessum og fyrirmælum, sem sett eru samkvæmt þeim, varða sektum.

7. gr.

Til að standa straum af kostnaði af framkvæmd laga þessara skal stofnaður sjóður, er sé í vörzlu og undir stjórn Fiskmatsráðs. Tekjur sjóðsins skulu vera útlutningsgjald af sjávarafurðum, er nemi 1% af fob-andvirði þeirra.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta hefur verið samið í sjávarútvegsmálaráðuneytinu á grundvelli tillagna nefndar, sem ráðuneytið skipaði 15. september 1958 til að athuga gaumgæfilega, hvort rétt sé að taka upp mat á nýjum fiski o. fl. í því sambandi.

Tillögur nefndarinnar og greinargerð með þeim eru prentaðar sem fylgiskjal með frumvarpi þessu.

Það er alkunna meðal allra þeirra, sem fást við verkun fisks og verzlun með fisk-afurðir, að meðalgæðum framleiðsluvaranna hefur í mörgum greinum hrakað undanfarin ár. Það kemur greinilega fram af nefndarálitinu, sem fyrr er getið, að nefndin telur ástæðnanna til þessarar þróunar einkum vera að leita í hrakandi gæðum hráefnisins, sem til vinnslunnar fer, en ekki í göllum á vinnslunni sjálfri.

Afleiðingar þessarar þróunar má greina í erfiðleikum á að nýta hagstæða markaði, sem heimta góða vöru gegn háu verði.

Hér eiga hlut að máli allar greinar fiskiðnaðarins, en saltfisk- og skreiðarframleiðslan hafa þó orðið einna harðast úti, enda er alsíða, að það bezta úr aflanum sé frýst, en það sem af gengur saltað eða hengt upp.

Þessi þróun er iskyggileg á sama tíma og aðrar þjóðir, keppinautar um markaði, gera stórfelldar ráðstafanir til að bæta söluvörur sínar með góðum árangri.

Hér er því brýn nauðsyn að spyrna við fótum, ef ekki á verr að fara um gróna markaði fyrir íslenzkan fisk.

Áður en sú þróun hófst, sem hér að framan er lýst, var fiskur, sem unninn var hér á landi, nær eingöngu bátafiskur og að mun stærri hluta en nú, fiskur veiddur á línu.

Netjafiskurinn var veiddur í bómullar- eða hampnet og aflamagnið, sem hver bátur bar að landi, sæmilega viðráðanlegt.

Þegar nælon netin komu til sögunnar, reyndust þau svo miklu veiðnari en bómullar- og hampnetin, að netjaveiðar jukust almennt á kostnað línuveiðanna. Jafnframt tóku netjabátar að hafa miklu fleiri net í sjó en áður gerðist. Þannig mun það ekki sjaldgæft, að bátar leggi um það bil helmingi fleiri net í sjó en þeir komast yfir að draga á einum degi, og komi síðan naumast með yngri fisk en tveggja náttu að landi.

Orsök þessarar þróunar má fyrst og fremst rekja til þess, að eftirspurn eftir vinnslufiski hefur verið meiri en framboðið og alltof lítill verðmunur gerður á fiski eftir gæðum. Þannig er verðmunur á tveggja náttu netjafiski og bezta línufiski tíðast enginn. Þróunin í veiðunum hefur því gengið í þá átt að koma með sem mest aflamagn að landi, en minna skeytt um aflagæðin.

Um öll þessi vandamál fjallaði nefndin, sem fyrr er getið. Komst hún að þeirri niðurstöðu, að gæðaflokkun á fiski samhliða raunhæfum verðmismun gæðaflokka væri það mark, sem stefna beri að.

Gæðaflokkun án raunhæfs verðmunar telur nefndin tilgangslitla, enda myndi slík flokkun lítill áhrif hafa til hins betra á gæði aflans.

Hitt gerði nefndin sér ljóst, að á gæðaflokkun eru ýmis vandkvæði í framkvæmd, einkum hvað snertir bátafiskinn, ekki sízt vegna hins gífurlega fiskmagns, sem oft berst á land í verstöðvunum á skömmum tíma.

Eftirlit með meðferð aflans telur nefndin hins vegar þegar framkvæmanlegt, enda meðferðinni oft á tíðum í ýmsu ábótavant, en slíkt eftirlit er á valdi hins opinbera samkvæmt gildandi lögum og reglugerðum um þetta efni.

Í samræmi við þetta, er meginefni frumvarpsins, að komið verði á eftirliti með meðferð og gæðum nýs og ísaðs fisks, en jafnframt, að gæðaflokkun á ferskum fiski verði upp tekin þegar, er skilyrði leyfa.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Meðan Ferskfiskeftirlitið er mótað í framkvæmd, virðist hagkvæmast, að það starfi eftir þeim heimildum, sem fiskmatsstjóra eru fengnar í gildandi lögum um fiskmat.

Þá er gert ráð fyrir, að lög þessi sem önnur lög um fiskmat verði endurskoðuð innan tveggja ára með hliðsjón af þeirri reynslu, sem þá verður fengin.

Um 2. gr.

Greinin hefur þegar verið skýrð hér að framan.

Um 3. gr.

Skipan Fiskmatsráðs er við það miðuð, að þar eigi sæti fulltrúar hinna ýmsu aðila, sem hagsmuna eiga að gæta í þessu máli.

Þessi aðferð er viðhöfð til að koma á samstöðu um þær nauðsynlegu ráðstafanir, sem ráðið mun beita sér fyrir.

Um 1. tl. 4. gr.

Að undanfögnu hafa verið uppi meðal manna, sem stunda fiskvinnslu og verzlun með fiskafurðir, mjög háværar raddir um, að gagnger endurskoðun þurfi fram að fara á gildandi lögum og reglugerðum um fiskmat.

Fiskmatsráð verður, eins og skipan þess er áformuð, að teljast mjög vel til þess fallið að annast a. m. k. hina tæknilegu hlið slíkrar endurskoðunar.

Aðrar greinar frumvarpsins þarfnast ekki skýringa.

Um frekari greinargerð fyrir efni frumvarpsins vísast til fylgiskjals, sem prentað er hér á eftir.

Fylgiskjal.

Tillögur og greinargerð Ferskfisknefndar um eftirlit með nýjum fiski.

Ferskfisknefnd var skipuð með bréfi sjávarútvegsmálaráðuneytisins, dags. 15. sept. 1958. Verkefni nefndarinnar skyldi vera „að athuga gaumgæfilega, hvort rétt sé að taka upp mat á nýjum fiski, hvernig því yrði fyrir komið, kostnað við framkvæmd þess og hvaða aðilar eigi að bera kostnaðinn.“

Er nefndin hóf fundahöld seint í september, kom brátt í ljós, að nefndarmenn töldu óvarlegt að stofna til mats og verðflokkanar á nýjum fiski, án rækilegs undirbúnings. Þar sem fyrirsjáanlegt var, að þótt nefndin lyki störfum í skyndi, yrði undirbúningstími fyrir vertíðarbyrjun mjög skammur, lagði nefndin til í bráðabirgðaálitsgerð, dags. 18. nóv., að hún skilaði ekki endanlegu álitni til ráðuneytisins fyrr en í vertíðarlok. Auk þess lagði nefndin til, að yfir vertíðina yrði starfrækt eftirlit

í tilraunaskyni með gæðum og meðferð vinnslufisks og útbúnaði og þrifum báta undir yfirstjórn nefndarinnar, og yrði það eftirlit kostað af framleiðendum. Féllst ráðuneytið á þetta sjónarmið.

Með starfrækslu tilraunaeftirlitsins hugðist nefndin vinna tvennt: Í fyrsta lagi vænti hún þess, að eftirlitið mundi með áróðri og leiðbeiningum hafa nokkur áhrif til hins betra á meðferð og gæði aflans. Í öðru lagi gerði nefndin ráð fyrir, að með tilraunaeftirlitinu mundu fást margháttadar upplýsingar, er að gagni mundu koma, er nefndin í vertíðarlok svaraði þeim spurningum, er ráðuneytið lagði fyrir hana.

Í stuttu máli telur nefndin, að nokkur árangur hafi orðið af tilraunaeftirlitinu, einkum að því leyti, að blóðgun aflans batnaði til muna og goggstungum fækkaði frá því sem áður hefur verið. Þrif á lestum báta voru og mun betri en áður. Hefur Kristján Einarsson, framkvæmdastjóri SÍF, tjáð formanni nefndarinnar, að þessi árangur hafi komið greinilega fram í betri niðurstöðum af mati á saltfiski frá vertíðinni en veðurfar og aðrar aðstæður gáfu tilefni til. Eftirlitið orkaði hins vegar ekki að hafa nein áhrif á netjafjöldann, sem bátar lögðu í sjó.

Nefndinni er því ljóst, af fenginni reynslu, að eftirlit, sem byggist á áróðri og leiðbeiningum og framkvæmt er af algerlega valdalausum eftirlitsmönnum, hlýtur að hafa takmörkuð áhrif. Þótt slíkt eftirlit nái í byrjun nokkrum árangri, kemur fyrr eða síðar að því, að það hættir að vinna á, þótt enn sé mörgu ábótavant.

Nefndin hefur haldið 20 fundi á starfstímabilinu, safnað margvíslegum gögnum og leitað álits fjölda aðila og stofnana um verkefni hennar almennt og einstaka þætti þess.

Nefndarmenn eru sammála um, að gæði fiskaflans, sem landað er til vinnslu, hafi verið í afturför á undanförunum árum og að aðalorsök þessarar þróunar sé óhófleg netjanotkun hjá miklum hluta bátaflotans. Nefndarmenn eru líka sammála um, að flokkun aflans eftir gæðum og raunhæfur munur á því verði, sem borgað er fyrir gæðaflokkana, sé öruggasta leiðin til þess að snúa þessari þróun við. Meðan hins vegar sá háttur er hafður á, að sama verð er borgað fyrir línufisk og einnar og tveggja náttu netjafisk, telur nefndin, að ekki sé um raunhæfan verðmismun að ræða, og flokkun fiskaflans undir þeim skilyrðum sé tilgangslaus og jafnvel óframkvæmanleg. Nefndinni er líka ljóst, að flokkun aflans í gæðaflokka er lítt framkvæmanleg, nema með góðri samvinnu við áhafnir skipanna. Hæpið er, að skipshafnir hefðu áhuga fyrir flokkuninni, nema verðmunur milli flokka væri svo mikill, að þær sæu sér hag í því að koma sem mestum hluta aflans í fyrsta flokk.

Nefndin telur því að stefna beri að mati á nýjum fiski, en álitur jafnframt, að raunhæfur verðmunur á gæðaflokkum fiskaflans verði að koma samtímis því að mat er fyrirskipað. Nefndin telur einnig, að þótt mat á aflanum komi ekki strax til framkvæmda, verði hægt að ná verulegum árangri í auknum fiskgæðum með því að lagfæra ýmsa þá ágalla, sem nú eru á meðferð aflans frá því hann kemur í skip og þar til hann fer í vinnslu.

Nefndin leggur því til, að eftirlitið, sem rekið var á s. l. vetri, verði endurvakið í aukinni og endurbættri mynd og framkvæmd þess verði falin sjálfstæðri stofnun, er hafi hliðstæð völd og Fiskmat ríkisins. Eftirlitið framkvæmi mat á nýjum fiski, þegar skilyrði eru fyrir hendi.

Í lögum og reglugerðum um framkvæmd fiskmats og skipaeftirlits eru ítarleg ákvæði um útbúnað fiskiskipa og fiskgeymslna í landi, svo og um alla meðferð aflans. eru öll þessi ákvæði við það miðuð, að fiskur spillist ekki í veiðiferð, og hann sé ekki skemmdur með rangri meðferð. Í þessum ákvæðum er að finna flest þau fyrir-mæli, sem Ferskfiskeftirlitinu eru nauðsynleg til þess að vinna eftir. Verður því í fyrstu atrennu óþarft að semja reglugerð um framkvæmd eftirlitsins með ferskum fiski, nægjanlegt er, að Alþingi eða ríkisstjórn feli Ferskfiskeftirlitinu framkvæmd ofangreindra reglugerðaratriða. Nefndinni er ljóst, að öll þessi reglugerðarákvæði þarf að endurskoða. Sum þeirra má trúlega fella niður, en án efa þarf líka að bæta

öðrum nýjum við, eftir því sem nauðsyn þeirra kemur í ljós. En nefndin leggur áherzlu á, að þessari endurskoðun verði ekki hraðað úr hófi fram og ítarleg athugun og rannsókn á öllum nýmælum fari fram áður en þau hljóta staðfestingu.

Hér fara á eftir tillögur nefndarinnar um helztu atriði varðandi verksvið Ferskfiskeftirlitsins, yfirstjórn þess og kostnað af rekstri þess.

Tillögur um ferskfiskeftirlit.

1. Komið verði á eftirliti með meðferð nýs og ísaðs fisks, sem ætlaður er til vinnslu, svo og gæðum hans. Framkvæmd eftirlitsins verði falin sjálfstæðri stofnun, er verði óháð núverandi Fiskmati ríkisins, þ. e. útflutningsmatinu.
2. Verkefni eftirlitsins verði í aðalatriðum:
 - a) Að líta eftir, að haldin séu ákvæði í gildandi lögum og reglugerðum um aðgerð fisks og geymslu, útbúnað fiskiskipa og fiskgeymslna í landi o. fl.
 - b) Að líta eftir, að fylgt verði nýjum reglugerðarákvæðum, er síðar kunna að verða sett og miða að bættri meðferð aflans.
 - c) Að flokka nýjan fisk eftir gæðum, þegar skilyrði eru til að framkvæma slíka flokkun.
3. Yfirstjórn eftirlitsins verði í höndum ráðs, er hér verður nefnt Fiskmatsráð. Leggur nefndin til, að ráðið verði skipað 8 mönnum, eins og hér segir: 1 fulltrúi frá sölusamtökum fiskframleiðenda, 2 frá útvegsmönnum, 1 frá Landsbankanum, 1 frá Rannsóknastofu Fiskifélags Íslands, 1 frá samtökum sjómanna, 7. fulltrúinn verði fismatsstjóri, en sjávarútvegsmálaráðuneytið skipi þann 8., og verði hann formaður ráðsins.

Verkefni ráðsins verði í höfuðdráttum sem hér segir:

- a) Það ráði yfirmann Ferskfiskeftirlitsins, að fengnu samþykki viðkomandi ráðuneytis.
 - b) Það sjái um fjárreiður Ferskfiskeftirlitsins og skipuleggi og fylgist með störfum þess meðan það er að þróast.
 - c) Það endurskoði öll lög og reglugerðir um fiskmat innan tveggja ára og skeri úr, eftir ákvörðun ráðherra, um grundvallarágreining, er rísa kann vegna framkvæmda fiskmats, meðan endurskoðunin stendur yfir.
 - d) Það vinni að aukinni fræðslu um fiskverkun og meðferð aflans, enn fremur skipuleggi það og framkvæmi hvers kyns áróður, til þess að auka skilning og tilfinningu fyrir vöruvöndun.

Það hlutist og til um, að kennsla í fiskvinnslu verði hafin nú þegar í Sjómannaskólanum og hún verði síðar gerð að skyldunámsgrein.
 - e) Það skipuleggi í samvinnu við Rannsóknastofu Fiskifélags Íslands tilraunir og rannsóknir, er miða að bættri meðferð aflans.
4. Kostnaður af Ferskfiskeftirlitinu greiðist úr sérstökum sjóði, er hafi tekjur af útflutningsgjöldum af sjávarafurðum. Sjóðnum sé ráðstafað af Fiskmatsráði eða öðrum aðila, er Alþingi felur vörzlu hans.
 5. Öll mál varðandi ferskfiskeftirlit, þar með talin lög og reglugerðir, er sett kunna að verða vegna starfsemi þess, skulu endurskoðuð að tveggja ára reynslutímabili loknu.

Greinargerð.

1. Um skipulag Ferskfiskeftirlitsins.

Í tillögunum hér að framan er gert ráð fyrir, að Ferskfiskeftirlitið verði sjálfstæð stofnun, óháð Fiskmati ríkisins. Ýmsir nefndarmenn eru þó á þeirri skoðun, að stefna beri að sameiningu þessara stofnana. Hins vegar hefði þurft að gera veigamiklar breytingar á Fiskmati ríkisins, til þess að samkomulag næðist um, að Ferskfiskeftirlitið yrði nú þegar hluti af því. Ljóst er, að Ferskfiskeftirlitið, komist það á,

verður lítt formað fyrst í stað, og er ósennilegt, að það taki skemmri tíma en eitt til tvö ár þar til það er komið í fastar skorður. Nefndin telur því, að meðan þetta þróunartímabil stendur yfir, geti verið heppilegt, að Ferskfiskeftirlitið sé sjálfstætt. Í tillögunum er gert ráð fyrir, að öll málefni varðandi Ferskfiskeftirlitið verði endurskoðuð að liðnu tveggja ára reynslutímabili. Einnig er í tillögunum gert ráð fyrir, að Fiskmatsráð endurskoði lög og reglugerðir um fiskmat innan tveggja ára. Eðlilegt virðist, að, einn liður í þessari endurskoðun verði rækileg athugun á sam- einingu eftirlitsins og fiskmatsins.

Í tillögunum er gert ráð fyrir að yfirstjórn Ferskfiskeftirlitsins verði í höndum átta manna ráðs. Er það von nefndarinnar, að þetta ráð geti orðið eins konar sam- nefnari þeirra aðila, sem hagsmuna hafa að gæta við fiskmat og eftirlit, og það geti stuðlað að því, að meiri friður skapist um þessi mál en verið hefur. Eru tillögur nefndarinnar um hverjir skuli eiga aðild að ráðinu miðaðar við þetta sjónarmið. Það er hugmynd nefndarinnar, að ráðið þurfi ekki að koma saman oftar en einu sinni í mánuði, en að það ráði sér framkvæmdastjóra til þess að annast dagleg störf. Heppilegt gæti verið, að þessi framkvæmdastjóri yrði sá starfsmaður Rannsóknastofu Fiskifélags Íslands, sem vinnur að verkefnum varðandi bættu meðferð og verkun aflans.

Við framkvæmd eftirlitsins á s. l. vetri olli það eftirlitsmönnum erfiðleikum, er þeir voru að vanda um fyrir skipshöfnum bátanna, að meðferð aflans í landi og frágangur á aðgerðarhúsum og fiskmóttökúhúsum var oft á tíðum á engan hátt í samræmi við þær kröfur, er eftirlitsmennirnir gerðu til bátanna og áhafna þeirra, og bentu skipshafnirnar eðlilega á þetta misræmi. Það gildir sama um meðferð aflans í landi og í skipum og bátum, að til eru reglugerðir, er kveða á um lágmarks- kröfur, en þeim er ekki framfylgt. Það er því tilætlan nefndarinnar, að útbúnaður og þrif aðgerðarhúsa og fiskgeymslna svo og öll meðferð aflans í landi þar til hann fer í vinnslu, sé háð eftirliti hins væntanlega Ferskfiskeftirlits.

2. Meðferð aflans og geymsla.

Þótt afturför sú, sem átt hefur sér stað í gæðum aflans, sem lagður er á land til vinnslu, sé fyrst og fremst að kenna óhóflegri netjanotkun hjá bátaflotanum, er meðferð hans eftir að hann kemur í skip í ýmsu ábótavant. Það er því miður alltof algengt, að fiski sé spillt með goggstungum í hol og ófullnægjandi blöðgun. Eins er útbúnaður og þrif á lestum veiðiskipa og fiskmóttaka í landi hvergi nærri sem skyldi. Óhægt er um vik fyrir vinnslustöðvarnar að kippa þessu í lag, meðan eftir- spurn eftir vinnuafli og hráefni er meiri en framboðið. Óttinn við það, að verka- maður hafi vistaskipti, sé hann ávittur, eða bátur leggi upp afla annars staðar, ef fiskgæðum er mótmælt, er þungur á vogarskálunum.

Nefndin telur, að skeytingarleysi um meðferð aflans sé oft á tíðum því að kenna, að menn átti sig ekki á, hve mikli verðmæti eru í húfi, enda þurfi að stórauka fræðslu um fiskvinnslu og vöruvöndun almennt og þó einkum í skólum landsins. Hún hefur því lagt til, að nú þegar verði hafin kennsla í fiskvinnslu í Sjómannas- kólanum, og sú kennsla verði síðar gerð að skyldunámsgrein. Jafnframt telur nefndin, að stefna beri að kennslu í þessum greinum miklu víðar, t. d. verknáms- bekkjum gagnfræðaskólanna.

Við umræður um meðferð aflans og geymslu hafa komið fram raddir um það innan nefndarinnar, að fyrirskipa bæri ísún alls afla strax og hann kemur í skip, jafnt hvort um er að ræða afla dagróðrabáta eða skipa, sem hafa lengri útivist. Nefndarmenn voru allir sammála um það, að brýna nauðsyn beri til að auka ísnotkun, bæði í veiðiskipum og í fiskgeymslum í landi. Hins vegar er ísframleiðsla svo ófullnægjandi enn sem komið er, að fara verður varlega í að gefa út fyrirskipanir, sem óframkvæmanlegar eru.

Í norskum reglum um ferskfiskmat er kveðið svo á, að fiskur, sem selja á nýjan

eða frosinn, skuli helzt slægður innan 1 klst. frá því hann kemur í skip. Í heitara veðri en $+ 5^{\circ}\text{C}$ má fiskur ekki liggja óslægður lengur en 4 klst. Einnig er tekið fram, að sé fiskur geymdur lengur en 6 klst. um borð í bát og hitastigið sé hærra en $+ 8^{\circ}\text{C}$, skuli setja hreinan ís undir og yfir fiskinn.

Gildar ástæður eru fyrir því, að við þurfum að gera meiri og strangari kröfur um ísun en Norðmenn. Hér á landi er afli dagróðrabáta ekki slægður um borð á vetrarvertíð og lítt hugsanlegt, að breyting verði á í því efni í náninni framtíð. Átufullur netjafiskur, sem kominn er að goti, er eitt vandmeðfarnasta hráefni, sem hér þekktist, og þó eru til dæmi þess, að slíkum fiski hafi verið landað til vinnslu 36 klst. gömlum í skipi, óaðgerðum og óisuðum. Í fiskmóttökum í landi hefur hiti í kösum af óaðgerðum fiski iðulega verið mældur $+ 10-12^{\circ}\text{C}$. Nefndin hefur látið gera allmargar ísunartilraunir með slægðan og óslægðan fisk á sínum vegum. Staðfestu þær það, sem áður var vitað, að bæta má til muna fiskgæði hjá dagróðrabátum á netjavertíð, ef aflinn er ísaður strax um borð, þótt ekki sé hann slægður. Það er rannsóknarefni, sem taka þarf til athugunar hið allra fyrsta, hve langt er rétt að ganga í því að ísa afla dagróðrabáta. Nefndin vill í þessu sambandi benda á, að rækileg ísun aflans er öruggasta leiðin til þess að koma í veg fyrir hinar hvímléiðu slagvatnsskemmdir.

3. Rannsóknir og tilraunir.

Nefndin telur, að nauðsynlegt verði að stofna til viðtækra rannsókna og tilrauna samfara því eftirliti, sem hér um ræðir. Til fróðleiks má geta þess, að í Kanada starfar einn maður að rannsóknum og tilraunum í sambandi við eftirlit og mat á fiski á móti hverjum $2\frac{1}{2}$ matsmönnum í verstöðvunum. Verkefni þessara manna er fyrst og fremst að fylgjast með öllu hreinlæti með gerlatalningu á þvottavatni og frystum afurðum. Fá þau frystihús, sem uppfylla ströngustu kröfur eftirlitsins, sérstakan stimpil á framleiðslu sína, en þau, sem aðeins uppfylla lágmarkskröfur, fá hann ekki. Hefur vöruvöndun í frystihúsum í Kanada aukizt til mikilla muna við þessar aðgerðir. Búast má við, þegar keppinautar okkar taka upp starfshætti sem þessa og auglýsa þá, að þess sé skammt að bíða, að markaðslönd okkar geri kröfur um mesta leyfilegan gerlafjölda í frystum afurðum. Rannsóknir í sambandi við hreinlæti í frystihúsum hér á landi þarf því að auka til muna frá því sem nú er.

Á s. l. vertíð hóf Rannsóknastofa Fiskifélags Íslands athuganir á afurðamagni og afurðagæðum, sem fá má úr hráefni af mismunandi gæðaflokkum. Þótt útvegs-
mönnum sé vel ljós sá munur, sem er á magni og gæðum afurða úr misgóðu hráefni, eru þær tölur, sem nefndar eru oft á tíðum ágizkanir einar. Er mikil nauðsyn, að fyrir liggja áreiðanlegar upplýsingar um þessi mál, því að á þeim hljóta að byggjast þær tilraunir, sem gerðar eru til þess að fá fram meiri verðmun á hráefninu eftir gæðum en hingað til.

Hér hafa aðeins verið nefnd tvö dæmi um rannsóknir og tilraunir, sem framkvæma þarf samfara því eftirliti, sem hér er fjallað um. Er það mjög til athugunar, að Fiskmatsráð kosti t. d. 2 fasta starfsmenn á Rannsóknastofu Fiskifélags Íslands til þess að vinna að athugunum af þessu tagi.

4. Mat á ferskum fiski.

Í tillögunum gerir nefndin ráð fyrir, að Ferskfiskeftirlitið veiti aðstoð sína við mat eða flokkun á ferskum fiski, þegar skilyrði eru fyrir hendi. Nefndin hefur á mörgum fundum rætt um það, hvernig megi framkvæma flokkun á nýjum fiski í gæðaflokka. Skiptir miklu máli, að þessu verki sé þannig fyrir komið, að ekki þurfi óhóflegan mannafla til þess að framkvæma það. Nefndin telur, að það sé skilyrði fyrir því, að flokkun sé gerleg, að hún hefjist um borð í skipunum, þannig að þar sé fiskinum skipt í a) lifandi blóðgaðan fisk og b) fisk, sem er dauður, þegar blóðgun fer fram. Frekari flokkun fari síðan fram í landi og verði hún í aðalatriðum þannig:

1. flokkur. Góður línufiskur, vel með farinn netjafiskur, lifandi blóðgaður, og annar sambærilegur fiskur.
2. flokkur. Fiskur, blóðgaður dauður, en að öðru leyti sæmileg vara og vel með farinn, og annar sambærilegur fiskur.
3. flokkur. Verksmiðjufiskur.

Nefndin lítur þannig á, að sú skilgreining á fiskgæðum, að netjafiskur sé einnar, tveggja eða þriggja nátta sé mjög villandi, eins og nú er háttað málum, og flokkun geti einvörðungu byggt á raunhæfu ástandi fisksins.

5. *Takmörkun á netjanotkun.*

Nefndin hefur á mörgum fundum rætt um, hvaða ráð séu tiltæk til þess að takmarka netjafjölda, er bátar hafa í sjó. Telur nefndin, að tilgangslaust sé að setja allsherjarreglur um netjafjölda að svo komnu máli, enda mundi reynast mjög erfitt að framfylgja þeim. Vænlegri leið til árangurs telur nefndin staðbundnar samþykktir sjómanna og útgerðarmanna um takmörkun netjafjölda. Gerir nefndin ráð fyrir, að Ferskfiskeftirlitið gæti aðstoðað við að fylgja eftir slíkum samþykktum.

Nefndin telur nauðsynlegt að skapa betri skilyrði fyrir línuútgerð, svo að hún verði samkeppnisfærari við netjaveiðarnar en nú er. Telur hún, að nauðsynlegt sé, að fá aflétt þeim ákvæðum um róðrabann á sunnudögum, sem nú ná til línuveiða, en ekki netjaveiða. Einnig telur nefndin, að til greina komi að greiða niður heitu og friða ákveðin svæði fyrir netjaveiðum, sem línubátar einir hafa aðgang að.

6. *Kostnaður og fjöldi eftirlitsmanna.*

Á þessu stigi málsins er erfitt að segja fyrir með nokkurri nákvæmni, hve mikið Ferskfiskeftirlitið muni kosta í rekstri. Laun eftirlitsmanna verða vitaskuld stærsti kostnaðarliðurinn og er því hendi næst að reyna að gera sér grein fyrir, hve margir þeir þurfa að vera. Við Ferskfiskeftirlitið á s. l. vetri störfuðu 12 menn óskiptir og 5 menn, sem höfðu eftirlitsstörfin í hjáverkum. Eftirlitið var einvörðungu starfrækt yfir vertíðarmánuðina og aðallega í verstöðvum á Suður- og Suðvesturlandi. Heildarkostnaður var kr. 450 000.00. Lauslega áætlað mundi sams konar eftirlit, væri það starfrækt allt árið og yfir allt landið, kosta kr. 2 250 000.00, og er þá gert ráð fyrir 10 ársmönnum og að auki 15 mönnum, sem aðeins yrðu í starfi yfir vetrarvertíðina.

Með hliðsjón af því, að Ferskfiskeftirlitið verður fyrst í stað lítt formað og hlýtur að eiga fyrir sér alllangt þróunartímabil, telur nefndin, að nægjanlegt verði að áætla rekstrarkostnaðinn fyrst í stað kr. 1 500 000.00 á ári, enda verði mannaáðningum stillt í hóf meðan aflað er reynslu um fyrirkomulag og mannaþörf.

Til samanburðar má geta þess, að nefndin hefur látið áætla heildarkostnað landsmanna af fiskmati og eftirliti, öðru en lýsismati og síldarmati, eins og hann er nú, og reyndist hann vera um það bil kr. 5 000 000.00 á ári, og eru þá talin bæði útgjöld þess opinbera og matskostnaður, sem greiddur er af framleiðendum. Í þessa áætlun vantar þó greiðslu einstakra frystihúsa til matsmanna, er starfa hjá þeim. Samkvæmt upplýsingum frá Noregi starfa þar 16 fastráðnir eftirlitsmenn við ferskfiskeftirlit en þeir ráða sér aðstoðarmenn eftir þörfum. Í Kanada er varið sem samsvavar 1% af framleiðsluverðmæti fiskiðnaðarins í eftirlit og mat á ferskum fiski og fiskafurðum.

Nefndin hefur rætt nokkuð um, hver eigi að bera kostnaðinn af Ferskfiskeftirlitinu. Eru nefndarmenn sammála um, að ekki verði hægt að hafa sama hátt á og gert var á s. l. vertíð, þ. e. að sölusamtökin beri kostnaðinn. Kemur nefndin ekki auga á aðra hentugri leið en þá, að lagt verði sérstakt útflutningsgjald á freðfisk, saltfisk og skreið til greiðslu á þessum kostnaði. Nefndin vill þó leggja til, að fiskur, sem saltaður er um borð í skipunum og landað erlendis, verði undanþeginn þessu gjaldi.

Það er ljóst, að miklu máli skiptir, að hæfir menn veljist til starfa við Ferskfiskeftirlitið. Eins er nauðsynlegt, að starfskraftar þessara manna nýtist sem best. Eins og að framan greinir er mannaþörf Ferskfiskeftirlitsins miklu meiri á vetrarvertíð en á öðrum tímum árs. Nefndinni er því ljóst, að æskilegt væri, að til starfa hjá Ferskfiskeftirlitinu ráðist einkum menn, sem gegnt geta saltfisk-, skreiðar- og jafnvel sildarmatsstörfum utan vertíðar. Ef þessi háttur yrði hafður á, mundu mats- og eftirlitsgreinarnar styrkja hverja aðra og hæfari menn veljast til matsstarfa en ella yrði. Er vonandi, að þá mundi taka fyrir þann flóttu hæfra manna frá matsstörfum, sem nú er farið að bera á, sökum ótryggrar atvinnu.

Reykjavík, 21. desember 1959.

Þórður Þorbjarnarson,
(Sign.)

Margeir Jónsson.
(Sign.)

Jóhann J. E. Kúld,
(Sign.) með fyrirvara.

Jón Axel Pétursson.
(Sign.)

Bergsteinn Á. Bergsteinsson,
(Sign.) með fyrirvara.

Ólafur Guðmundsson.
(Sign.)

Fyrirvari Bergsteins Á. Bergsteinssonar.

Að því er varðar skipan meðlima væntanlegs „Fiskmatsráðs“ samkv. tillögum þessum óskar fiskmatsstjóri, B. Á. Bergsteinsson, að gera á undirskrift sinni eftirfarandi fyrirvara:

Svo sem hér er lagt til, verður skipað í ráðið á eftirfarandi hátt:

Einn fulltr. frá öllum sölusamtökum fiskframleiðenda sameiginlega.

Tveir — — félagssamtökum útvegsmanna.

Einn — — sjómannasamtökum.

Einn — — Landsbanka Íslands.

Einn — — Rannsóknastofu Fiskifélags Íslands.

Einn — verði fiskmatsstjóri útflutningsmatsins.

Einn — er ráðherra skipi og verði hann formaður.

Samtals 8 fulltrúar.

1. Væri hér aðeins um að ræða stjórn og rekstur á eftirliti eða mati á ferskum fiski, er gengur kaupum og sölum innanlands og til vinnslu, mætti telja þessa skipan eðlilega, þannig að útvegsmenn og aðrir framleiðendur mynduðu þá meirihluta þessa ráðs, svo sem hér virðist vera, enda ekki óeðlilegt, að mats- og verðflokkun á ferskum fiski til vinnslu innanlands væri framkvæmd og borin uppi samkv. samkomulagi og með tilkostnaði þessara aðila, þ. e. seljenda og kaupenda fisks á innlendum markaði.

Þó mætti vekja athygli á, hvort eðlilegt væri að í slíku ráði ættu sæti 3 fulltrúar fiskseljanda, þ. e. 2 frá útvegsmönnum og 1 frá sjómönnum, en aðeins einn frá sölusamtökum, þ. e. framleiðslufyrirtækjum, er kaupa fiskinn til vinnslu og flytja hann út fullunninn.

2. Hins vegar er gert ráð fyrir því í þessum tillögum, að „Fiskmatsráð“ hafi bein afskipti af útflutningsmatinu, samanber „endurskoðun laga og reglugerða“ svo og „skeri úr um grundvallarágreiðing, er rísa kann vegna framkvæmda fiskmats“.

Það mun öllum vera ljóst, sem til þessara mála þekkja, að ef um ágreining vegna framkvæmda fiskmats til útflutnings er að ræða, stendur sá ágreiningur milli hins opinbera fiskmats ríkisins annars vegar og útvegsmanna og framleiðenda hins vegar. Svo sem kunnugt er, var stofnað til opinbers fiskmats til útflutnings á Íslandi í þeim tilgangi að óvilhallur og óháður aðili dæmdi þar um gæði alls fisks eða fiskafurða til útflutnings, og þannig hefur og er starfsemi hins opinbera og óháða fiskmats rekin.

3. Samkv. framansögðu get ég ekki fallið á að starfsemi fiskmats ríkisins við-

komandi mati á fiski til útflutnings, verði sett undir ákvörðunarvald ráðs, sem í eiga sæti a. m. k. helmingur fulltrúa fiskseljenda.

Í þessu sambandi óska ég að taka fram, að ég er síður en svo mótfallinn ráði eða nefnd í þessum málum og tel að slík stofnun geti unnið gott starf og þarft. Hins vegar er það mitt álit, að eigi að halda framvegis þeirri grundvallarreglu, að hið opinbera útflutningsmat eigi áfram að vera óháð og hlutlaus stofnun, væri ekki einungis rétt, heldur bezt fyrir alla aðila, þar með taldir framleiðendur, að ráð eða nefnd, sem áhrif hefði á framkvæmd útflutningsmatsins, væri ekki skipuð að meiri hluta eða að jöfnu frá samtökum fiskseljenda.

Ég álit, að ráð eða nefnd skipuð í þessu augnamiði, sem hér um ræðir, ætti að vera skipað í með eftirfarandi fyrir augum:

- a. Opinberir aðilar, sem kunnáttu og áhrifavald hafa um eftirfarandi:
Fiskverkun, utanríkisverzlun, fjármál lánstofnana atvinnuveganna.
- b. Frá framleiðendum:
Kunnáttumenn um fiskverkun og fiskisölumál.

Virðingarfyllt,

B. Á. Bergsteinsson.

Fyrirvari Jóhanns J. E. Kúld.

Við undirskrift á tillögum Ferskfisknefndar til ríkisstjórnar, vil ég undirritaður nefndarmaður taka þetta fram.

1. Í tillögum um ferskfiskeftirlit, 3. lið, þar sem talað er um fulltrúa frá samtökum sjómanna í Fiskmatsráð, þá miða ég við, að sá fulltrúi verði tilnefndur sam-eiginlega af Alþýðusambandi Íslands og Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, enda engir aðrir aðilar til, sem geta farið með umboð sjómannastéttarinnar allrar.

2. Í greinargerð nefndarinnar, í síðari málsgrein 5. liðar, þar sem nefndin telur að nauðsynlegt sé að fá aflétt þeim ákvæðum um róðrabann á sunnudögum, sem ná til línuveiða en ekki netjaveiða, þá vil ég taka fram eftirfarandi.

Ég tel að stefna beri markvisst að því að hanna allar veiðar innan íslenzkrar landhelgi á helgum dögum, og að ekki verði leyfilegt að hafa net liggjandi í sjó á þeim dögum. Reynsla Norðmanna af slíkri tilhögun bendir til þess, að hér sé um beint hagsmunamál að ræða, þar sem komið hefur í ljós, að fiskur helzt lengur á veiðisvæðum, þar sem slík tilhögun er viðhöfð, og veiði verður betri og jafnari.

Jóhann J. E. Kúld.